

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-45/2014:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt. seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. júní sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 30. júní. Með bréfi, dags. 8. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 12. ágúst. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 5. september. Með bréfi, dags. 15. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 25. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. mars, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 29. desember 2010 keypti álitsbeiðandi bifreiðina oo-000 af seljanda. Á afgreiðsluseðli sem fylgdi reikningi fyrir kaupunum komi skýrt fram að um sé að ræða kaup á bifreið af gerðinni Honda Accord Executive 2,0 og að bifreiðin sé ný. Engar upplýsingar eru á reikningnum um módel- og eða framleiðsluár bifreiðarinnar. Var álitsbeiðandi því grandlaus um annað en að bifreiðin væri árgerð 2010. Þá kemur fram að kaupverð bifreiðarinnar, kr. 4.690.000 sé greitt.

Í janúar 2014 þurfti álitsbeiðandi að kaupa varahlut í bifreiðina. Fékk hann þá þær upplýsingar að varahlutir þeir sem hann hafði keypti pössuðu ekki í bifreið hans. Við frekari athuganir kom í ljós að bifreiðin hafði verið flutt til landsins 7. maí 2008 og hafi því verið um tveggja og hálfis árs þegar álitsbeiðandi keypti hana. Þetta hafi komið álitsbeiðanda á óvart, þar sem hann hefði tekið trúanlegar upplýsingar seljanda um að bifreiðin væri árgerð 2010. Rekur álitsbeiðandi að kaupin á bifreiðinni falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup og ljóst sé að bifreiðin uppfylli ekki eiginleika söluhlutar sbr. 15. gr. laganna og því sé bifreiðin haldin galla sbr. 16. gr. sömu laga þar sem hún hafi ekki verið af þeirri árgerð sem álitsbeiðanda hafi verið tjáð við kaupin. Bendir álitsbeiðandi og á að skv. b-lið 1. mgr. 16. gr. sé söluhlutur gallaður ef seljandi hafi við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda mætti ætla að vanrækslan hefði haft áhrif á kaupin.

Þá rekur álitsbeiðandi að þrátt fyrir að rúm 3 ár séu frá kaupunum séu frestir til að bera fyrir sig galla ekki liðnir þar sem álitsbeiðandi varð ekki var við gallann fyrr en við fyrrnefnd kaup á varahlut. Álitsbeiðandi telur að hann eigi rétt á skaðabótum. Segir álitsbeiðandi að hinn 14. mars 2014 hafi verið óskað eftir afstöðu seljanda til bótaskyldu vegna kröfu álitsbeiðanda. Svar hafi borist 14. apríl s.á. og bótaskyldu þar hafnað. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi verið upplýstur um kaupverð og að auki fengið 22% afslátt af listaverði

bifreiðarinnar þar sem bifreiðin hafi verið framleidd 2008 en ekki 2010. Þá komi fram í sama bréfi að orðið „NÝR“ fyrir aftan tegundaheiti á sölukvittun sé alvanalegt í viðskiptum þar sem ónotaðar bifreiðar séu selda.

Álitsbeiðandi rekur að í lok árs 2010 hafi hann verið að leita að nýrri bifreið til kaups. Leitaði hann því til seljanda, sem alla jafna selji nýjar bifreiðar, en ekki notaðar, af gerðinni Honda Accord, en seljandi er umboðsaðili Honda á Íslandi. Segist álitsbeiðandi hafa spurt um nýja Honda Accord, en þá verið tjáð að engin ný slík bifreið væri til hjá umboðinu. Hins vegar væri til ein bifreið af þeirri gerð til sölu hjá umboðinu, sem hefði verið notuð sem sýningareintak, til reynsluaksturs fyrir áhugasama kaupendur. Bifreiðin væri því ný, en eitthvað ekin. Var álitsbeiðanda sýnd bifreiðin og var hún þá verðmerkt upp á kr. 4.690.000. Greiddi álitsbeiðandi uppsett verð og naut engra vildarkjara eða afsláttar. Telur álitsbeiðandi sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna rangra upplýsinga frá seljanda, enda sé endursöluverð bifreiða framleiddra árið 2008 talsvert lægra en samskonar bifreiða af árgerðinni 2010. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér kr. 800.000 í skaðabætur. Vísar álitsbeiðandi einnig í ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu þar sem kemur m.a. fram að við sölu bifreiða skuli bifreiða afla ákveðinna upplýsinga sem kaupanda séu nauðsynlegar vegna kaupanna. Telur álitsbeiðandi að upplýsingar um framleiðsluár og árgerð bifreiðar séu þess háttar upplýsingar.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að dagsetning á komutíma bifreiðar til landsins ráði ekki árgerð bifreiðarinnar. Það sem ráði árgerð bifreiðar sé 10. stafur í verksmiðjunúmeri bifreiðarinnar og eigi það við um flestallar, ef ekki allar, bifreiðar. Verksmiðjunúmerin séu öllum aðgengileg og í tilviki Honda bifreiða sé það sjáanlegt í vinstra horni framrúðu sem og í þjónustubók. Telur seljandi að framangreint feli sér fullnægjandi upplýsingar um árgerð af hálfu seljanda. Þá rekur seljandi að hin umþrætta bifreið hafi verið skráð á sýningarleyfi af seljanda hinn 27. október 2009, þá sem prufubifreið frá 13. janúar 2010. Álitsbeiðandi hafi fengið umtalsverðan afslátt af kaupverði og hafi afslátturinn sannarlega ver tilkominn vegna þess að bifreiðin var sýninga- og prufubifreið hjá seljanda á framangreindu tímabili. Telur seljandi að álitsbeiðanda hafi verið fullkunnugt um að bifreiðin hafi verið sýninga- og prufubifreið á framangreindu tímabili og lítur seljandi á ásakanir um annað sem útúrsmúning eða gleymsku af hálfu álitsbeiðanda.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að verksmiðjunúmer hinnar umþrættu bifreiðar leiði í ljós að hún sé árgerð 2009. Þá telur álitsbeiðandi að fullyrðingar seljanda um að hann hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni með því að hafa framleiðslunúmer bifreiðarinnar sjáanlegt á tveim stöðum séu fjarstæðukenndar, enda sé mjög erfitt að sjá af framleiðslunúmerunum, án þess að hafa um þau ákveðin gögn, af hvaða árgerð bifreiðin sé. Þá segist álitsbeiðandi ekki mótmæla því að bifreiðin hafi ekki verið ný þegar hún var keypt, enda hafi því aldrei verið haldið fram. Álitsbeiðandi hafi vitað að bifreiðin hefði verið sýningar- og reynsluakstursbifreið. Honum hafi hins vegar ekki verið greint frá því að bifreiðin hafi komið til landsins um mitt ár 2008, né að hún væri af árgerðinni 2009 en ekki 2010.

#### VI

## **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, er rakið að því hafi aldrei verið haldið fram við sölu hinnar umdeildu bifreiðar að hún væri ný. Álitsbeiðanda hafi verið greint frá því að bifreiðin væri sýningar- og reynsluakstursbifreið og notuð sem slík fyrir kaupin. Þessi lýsing á atvikum er ekki í samræmi við það sem fram kemur í álitsbeiðni um að álitsbeiðandi hafi verið með öllu grandlaus um annað en bifreiðin væri árgerð 2010 og ný. Ljóst sé því að álitsbeiðandi hafi breytt málátilbúnaði sínum undir rekstri málsins. Álitsbeiðandi krefjist nú skaðabóta að fjárhæð kr. 800.000 auk málskostnaðar vegna tjóns sem hann telji sig hafa orðið við kaup á bifreið sem hann vilji meina að seljandi hafi sagt að væri af árgerð 2010, en hafi síðar komið í ljós að væri af árgerð 2009. Fyrir liggi að listaverð á hinni umþrættu bifreið var kr. 5.990.000 en álitsbeiðandi greiddi kr. 4.690.000 fyrir hana. Þá rekur seljandi að sá afsláttur sem álitsbeiðandi fékk af bifreiðinni sé langtum hærrí en tíðkaðist á sama tíma við sölu bifreiða. Eina ástæðan fyrir hinum háa afslætti sú að bifreiðin sem álitsbeiðanda var seld, hafi verið af árgerð 2009 en ekki 2010. Seljandi rekur einnig að hann telji kvörtun álitsbeiðanda sé of seint fram komna sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Vísar seljandi til þess að á reikningi fyrir kaupunum komi fram að um sé að ræða „Accord 09“. Engum ætti að dyljast að það standi fyrir árgerðina 2009. Því hafi álitsbeiðandi sýnt af sér tómlæti með því að kvarta ekki fyrr. Að lokum segir seljandi að álitsbeiðandi hafi hvorki sýnt fram á að tjón hafi átt sér stað, né í hverju það tjóni eigi að felast. Vegna þessa hafni seljandi kröfum álitsbeiðanda og gerir að auki kröfur um að álitsbeiðandi greiði sér kr. 300.000 vegna kostnaðar síns í tengslum við málið.

## **VII**

### **Frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telji að hann hafi í engu breyt málátilbúnaði sínum á meðan á meðferð málsins hafi staðið. Hins vegar hafi málátilbúnaður seljanda breyst, m.a. frásögn hans um veittar upplýsingar um árgerð bifreiðarinnar þegar kaupin fóru fram o.fl. Telur álitsbeiðandi að það að seljandi hafi talið ástæðu til að setja orðið „nýr“ með hástöfum á kaupnótu bifreiðarinnar í engu samræmi við þann málátilbúnað hans að um notaða bifreið af eldri árgerð væri að ræða og að augljóst sé að textinn sem og þær upplýsingar sem álitsbeiðanda voru veittar við kaupin hafi verið til þess að styrkja þá trú hans að hann væri að kaupa bifreið af árgerðinni 2010, þ.e. nýjustu árgerð.

Þá telur álitsbeiðandi fráleitt að fallast á með seljanda að augljóst hafi verið að bifreiðin hafi verið af árgerðinni 2009. Eini staðurinn sem sú árgerð komi fyrir sé í tengslum við aurlífur sem séu fylgibúnaður með bifreiðinni og því allt að einu hægt að draga þá ályktun að í því samhengi merki tölustafirnir allt annað en árgerð. Þá rekur álitsbeiðandi að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið ákveðið af seljanda, sem og hafi auglýst verðið á sölustað sínum. Álitsbeiðandi hafi engan afslátt fengið af því kaupverði, heldur greitt uppsett verð seljanda. Telur álitsbeiðandi auðsýnt að seljandi hafi ranglega greint sér frá árgerð bifreiðarinnar og að verðmunur á bifreið sem flutt hafi verið til landsins í maí 2008 og bifreið af árgerðinni 2010 hljóti að vera talsvert hærrí en krafa álitsbeiðanda um skaðabætur að fjárhæð kr. 800.000.

## **VIII**

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina oo-000 af seljanda hinn 29. desember 2010 fyrir kr. 4.690.000. Var bifreiðin af gerðinni Honda Accord Executive 2,0, fyrst skráð 13. janúar 2010. Hafði bifreiðin verið í eigu seljanda, sem jafnframt er umboðsaðili fyrir héraðs fyrir bifreiðar af umræddri tegund, frá því hún var flutt inn og forskráð hinn 7. maí 2008. Af verksmiðjunúmeri bifreiðarinnar verður ráðið að hún er árgerðinni 2009, en framleiðsla þeirrar árgerðar mun hafa hafist óvanalega snemma á árinu 2008, sem skýrir hvers vegna bifreið af þeirri árgerð gat verið forskráð héraðs jafn snemma og raun bar vitni. Gera verður ráð fyrir að bifreiðin hafi í kjölfar forskráningar staðið óhreyfð og ótollafgreidd þar til seljandi leysti hana úr tolli hinn 12. janúar 2010.

Frá því snemma í janúar 2010 og þar til álitsbeiðandi keypti bifreiðina mun hún hafa verið notuð sem sýningar- og reynsluakstursbifreið á starfstöð seljanda. Ekki kemur þó fram hve mikið bifreiðinni hafði verið ekið á þeim tíma, þ.e. fyrir kaupin.

Í janúar 2014 mun álitsbeiðandi hafa keypt varahluti sem ætlaðir voru í hina umræddu bifreið og þá, að eigin sögn, fyrst orðið þess var að bifreiðin var af árgerðinni 2009 en ekki 2010, líkt og álitsbeiðandi segist hafa talið að hún væri. Leitaði álitsbeiðandi í kjölfarið til seljanda og krafðist skaðabóta.

Á reikningi fyrir kaupum á bifreiðinni, dags. 29. desember 2010 kemur árgerð bifreiðarinnar hvergi fram berum orðum, en orðið „Nýr“ kemur þó fram fyrir aftan tegundaheiti bifreiðarinnar. Verksmiðjunúmer bifreiðarinnar er greinilegt og af því verður ráðið að bifreiðin er árgerð 2009, en einnig kemur fram að með bifreiðinni fylgja aurlífar, sem færðar eru inn á reikninginn sem „Aruhl.Framan Accord 09“ og „Aurlh.Aftan Accord 09“. Telur kærunefndin í þessu samhengi að litlar sem engar ályktanir verði dregnar af því orðalagi sem er að finna í reikningi seljanda um að bifreiðin væri „ný“, enda báðum aðilum fullkunnugt við kaupin, að svo var ekki. En ekki er um það deilt að álitsbeiðanda var kunnugt að bifreiðin hefði verið notuð sem sýningar- og reynsluakstursbifreið og því í raun ekki fullkomlega „ný“. Þá verður það ekki á leikmann í bifreiðakaupum lagt að draga ályktanir um árgerð bifreiðarinnar út frá verksmiðjunúmeri eða óljósum tilvísunum til árgerða í tengslum við aurlífar. Ber reikningur seljanda því í raun ekki með sér neinar haldberar upplýsingar um árgerð bifreiðarinnar, enda slíkt almennt ekki venjan við fyrstu sölu innfluttra bifreiða hjá umboðum.

Enginn önnur gögn liggja fyrir í málinu um það hvort álitsbeiðanda hafi verið gerð grein fyrir árgerð bifreiðarinnar og getur það í sjálfu sér ekki talist óeðlilegt. Hins vegar liggur fyrir að kaupverð bifreiðarinnar var miklum mun lægra en listaverð seljanda fyrir nýjar bifreiðar af árgerðinni 2010, eða 22% lægra.

Álitsbeiðandi byggir kröfur sínar á því að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b. liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þar að söluhlutur teljist vera gallaður ef „seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin“. Þegar litið er til þess með hve miklum afslætti bifreiðin var seld verður að líta á sem svo að það standi á álitsbeiðanda að sýna fram á að seljandi hafi ekki veitt réttar upplýsingar um árgerð bifreiðarinnar við kaupin. Gegn mótmælum seljanda hefur álitsbeiðanda ekki, að mati kærunefndarinnar, tekist að sýna fram á að svo hafi verið. Verður því að hafna kröfum hans.

Hvað varðar kröfur sem fram hafa komið um málskostnað fyrir kærunefndinni, vill kærunefndin taka fram að málskostnaður er í eðli sínu ekki hluti tjóns heldur kostnaður við að reka mál. Það er ekki á verk- eða valdsviði kærunefndarinnar að leggja fyrir aðila að þeim beiðnum sem kærunefndin fær til afgreiðslu, að greiða gagnaðila málskostnað, jafnvel þótt

fyrir liggir að til hans hafi verið stofnað. Af þessum sökum hafnar kærufndin kröfu álitsbeiðanda að því er málskostnað varðar.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir